

vörn sinni borið um mikilsvarðandi atriði andstæðar málsástæður, svo að ekki samrýmist vönduðum málf lutningi.

Enn fremur hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður í munnlegum flutningi málsins sýnt réttinum og hæstaréttarlögmanni þeim, sem flutti málið á móti honum, ókurteisi með að gefa í skyn, að dómurinn sé hlutdrægur og málafærslumaðurinn hefði í frammi óprúttinn málf lutning, og ber að víta slíkt.

Því dæmist rétt vera :

Stefndi h/f Dráttarbraut Keflavíkur greiði stefnendunum, Ágústi Bjarnasyni og Júlíusi Ingibergssyni, kr. 30 829.99 með 6% ársvöxtum frá 18. des. 1943 til greiðsludags og málskostnað með kr. 2500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. apríl 1948.

Nr. 57/1947. **Kristín Halldórsdóttir**

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Gesti Fanndal (Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Gallar á málsmeðferð. Ómerking máls.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Meðferð máls þessa í héraði er mjög ábótavant og andstæð reglum laga nr. 85/1936. Eftir að áfrýjandi hafði á dómþingi 21. apríl 1947 lagt fram beiðni um útburð með fylgiskjölum leggur stefndi fram skriflega vörn í málinu. Á sama dómþingi lagði áfrýjandi síðan fram greinargerð og mótmæli af sinni hálfu, án þess að skriflegur málf lutningur hefði verið ákveðinn samkvæmt 109. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Málf lutningnum er síðan haldið áfram skriflega og lýkur honum með bókunum aðilja, eins og tíðkaðist, áður en framangreind lög komu í gildi. Þá hefur fógeti ekki leiðbeint stefnda, sem var ólögkærður maður,

en ástæða virðist hafa verið til þess, einkum um kröfugerð. Þetta var fógeta þó skylt samkvæmt 114. sbr. 223. gr. nefndra laga.

Þá er úrskurði fógetaréttarins einnig ábótavant. Eigi er greint þar nafn stefnda og atvikalýsingu og greinargerð um kröfur aðilja mjög áfátt.

Vegna framangreindra galla þykir ex officio verða að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og alla meðferð málsins fyrir fógetaréttinum.

Hvorugur málsaðilja hefur krafizt málskostnaðar fyrir dómi og fellur hann því niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður svo og meðferð málsins fyrir fógetaréttinum eiga að vera ómerk.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaðóms Siglufjarðar 22. apríl 1947.

Gerðarbeiðandi telur ástæður fyrir því, að hann fyrir hönd dóttur sinnar, Kristínar Halldórsdóttur, húseiganda að húsinu Aðalgata 15 Siglufirði, eigi rétt til að gerðarþoli verði borinn út úr húsnæðinu, þessar:

1. Að gerðarþoli hafi ekki staðið í skilum með greiðslu leigunnar.
2. Að eftir leigusamningnum um húsnæðið frá 19. desember 1941 sé leigutíminn á enda 14. maí 1946, nema hafi forgangsrétt til leigu áfram eftir samkomulagi við húseiganda eða umboðsmann hans, en slíks samkomulags hafi gerðarþoli alls ekki leitað, en vilji sitja áfram í sömu leigu, en húseigandi geti fengið mikið hærri leigu.

Um I.

Samkvæmt málflutningi aðilja ber núverandi húseiganda, Kristínu Halldórsdóttur, leiga af húsnæðinu frá 1. janúar 1946, er Kristín verður eigandi hússins. Gerðarþoli sendir líka umræddum húseiganda húsaleiguna frá 1. janúar 1946 til 14. maí s. á. eða kr. 1019.94 í póstaðvísun. Þessa upphæð sendir hann 16. maí 1946, en 18. október 1946 sendir hann húseiganda kr. 2050.00 í bankaáðvísun. Gerðarbeiðandi telur þetta vanskil af því, að gerðarþoli hafi ekki greitt sér upphæðir þessar, heldur sent þær til Reykjavíkur á nafn húseiganda, umbjóðanda gerðarbeiðanda, enda þótt hann vissi, að

húseigandi væri í Ameríku og án þess að láta sig vita um sendinguna, en gerðarþoli hafi vitað, að gerðarbeiðandi hafi haft umboð til þess að taka á móti húsaleigunni, en þessu mótmælir gerðarþoli. Af áritun Þóris Halldórssonar á bréf 5. febrúar 1946, sem gerðarþoli virðist eftir málf lutningnum hafa fengið, virðist gerðarþoli hafa átt að geta séð, að hann mætti senda peningana fyrir húsaleiguna Þóri Halldórssyni, bróður húseiganda, og þar sem hann vissi, að þessi maður taldi sig $\frac{1}{2}$ 1946 hafa umboð til þess að segja gerðarþola upp húsnæðinu, myndi sami maður geta a. m. k. sagt honum, hver tæki á móti húsaleigunni. Að visu segir gerðarþoli, að hann hafi spurt Þóri um, hverjum ætti að afhenda húsaleiguna, en því neitar gerðarbeiðandi, og verður ekkert talið sannað, en ef þetta er rétt hjá gerðarþola, hefði hann átt að leggja húsaleiguna inn í banka í Siglufirði og tilkynna Þóri það.

En þótt telja megi það óeðlilegt, að gerðarþoli hafi ekki, — svo sönnun liggja fyrir, — boðið Þóri greiðslu húsaleigunnar né látið hann vita um greiðslu húsaleigunnar, verður eigi talið, að gerðarþola hafi verið óleyfilegt að senda greiðsluna til Reykjavíkur á nafn húseigenda og að hann geri slíkt geti ekki skoðast vanskil, alveg eins og að hann ekkert hefði greitt og það því síður sem starfsmaður húseiganda í Reykjavík hefur tekið við áminnstum húsaleigugreiðslum. Hitt er aftur á móti auðsætt, að kostnaðinn við þessa óeðlilegu aðferð, við að senda greiðsluna eins og gerðarþoli gerði, en ekki leggja hana inn í banka hér á nafn húseigenda, beri gerðarþola að bera. Að visu vantar 6 auropp á að maigreiddslan sé fyllilega innt af höndum eftir leigusamningnum og 5 krónur upp á að októbergreiðslan sé innt af hendi að fullu, en þótt gerðarþoli vilji tína til burðareyri sér til varnar til að draga frá vangreiðslunni, kemur það ekki til álita, því að hann gat lagt greiðsluna inn í banka á nafn húseiganda án nokkurs kostnaðar, ef Þórir eða gerðarbeiðandi hefði ekki viljað taka við greiðslunni, sem ósannað er og vægast sagt ólíklegt. Líka er það athugavert, að gerðarþoli greiðir októbergreiðsluna ekki fyrr en 18. október, en átti eftir leigusamningnum að greiða 1. október. En þótt þannig nokkru sé áfátt um greiðsluna af hálfu gerðarþola, um kr. 5.06 af húsaleigunni og 17 daga drátt á októbergreiðslunni, verða slíkt eigi talin svo mikil vanskil, að valdi slitum leigusamnings og útburði.

Um II.

Eftir ákvæðum leigusamningsins er leigutíminn á enda 14. maí 1946 og þetta atriði samningsins undirstrikar Þórir með uppsógn á samningnum með áritun sinni á bréf Adolfs Einarssonar frá $1\frac{1}{2}$ 1946, sem telja verður eftir málf lutningnum, að gerðarþoli hafi fengið. En í samningi þessum er þó gerðarþola áskilinn forgangsréttur til leingar umrædds pláss „eftir samkomulagi“, en svo virð-

ist sem aðiljum semji alls ekki um áframhaldandi leigingu, og kemur þá til athugunar, hvort og að hve miklu leyti ákvæði húsaleigulaganna, einkum fyrsta málsgrein 6. gr., eigi við. Ef eingöngu á að fara eftir leigusamningnum, er réttur húseigandans til hærri leigu eftir 14. maí 1946 auðsær og réttur þar með til útburðar á leigutaka, sem vill ekki borga þá leigu, en af 1. málgr. 1. gr. húsaleigulaganna leiðir, að leigusala er óheimilt að segja upp nema gegn skilyrðum þeim, er þar greinir, en þeirra gætir ekki í umræddri útburðargerð og af 1. málgr. 6. gr. sömu laga leiðir, að húsaleiguna má ekki hækka nema sem svarar því, er húsaleiguvísitalan hækkar. Verður því leigusala talið óheimilt að segja leigutaka upp húsnæðinu, þrátt fyrir ákvæði leigusamningsins. Getur útburður á leigutaka úr húsnæðinu því eigi farið fram. Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt, að gerðarþoli verði úrskurðaður til þess að borga kostnað við gerðina, án þess að geta hver sé. Líka hefur gerðarþoli krafizt, að gerðarbeiðandi greiði kostnað við gerðina og greiði sér 10 000.00 kr. í hneisubætur.

Krafa gerðarþola um hneisubætur kemur eigi til álita, þar sem krafa um útburð úr húsnæði veldur leigutakanum eigi hneisu.

Þykir því rétt, að kostnaður við gerðina falli niður.

Fyrir því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal eigi fram fara. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. apríl 1948.

Nr. 160/1946. Sesselja Sigmundsdóttir

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Barnaverndarráði Íslands

(Hrl. Ragnar Ólafsson).

Ógiltur úrskurður um sviptingu leyfis til forstöðu barnahælis.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 13. des. 1946, krefst þess, að úrskurður barnaverndarráðs Íslands frá 4. júní 1945 verði dæmdur ógiltur og stefnda f. h. rikissjóðs dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-